

# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 3/2017.

---

Reykjavík, 31.05.2017

2017050524

**Efni: Innköllun á Steak Spice kryddi frá Anna and Clara's vegna ómerktra ofnæmis- og ópolsvalda (sellerí og hnetur).**

Ofnæmis- og ópolsvaldarnir sellerí og hnetur eru ómerktir á umbúðum vörunnar og er því um að ræða matvæli sem geta valdið neytendum heilsutjóni.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin **einskorðast** við:

**Vörumerki:** Anna and Clara's

**Vöruheiti:** Steak Spice

**Strikanúmer:** 5711812000403

**Best fyrir:** Allar dagsetningar

**Nettómagn:** 70 g.

**Innflytjandi:** Kiosk, Drápuhlíð 44, 105 Reykjavík

**Dreifing:** Verslanir Söstrene Grene í Kringlunni og Smáralind.

Peir neytendur sem eiga umræddar vöru og eru með ofnæmi fyrir sellerí eða hnetum eru beðnir að neyta hennar ekki og farga henni eða skila til Söstrene Grene gegn fullri endurgreiðslu. Nánari upplýsingar fást hjá Söstrene Grene í síma 698 9212 eða í gegnum netfangið [kiosk@simnet.is](mailto:kiosk@simnet.is)

